



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27.11.2013
Tilvísun vor: 00.11

Alþingi
Erindi nr. P 143/430
komudagur 27.11.2013

Efni: Umsögn um skýrslu um raforkustreng til Evrópu, 59. mál.

Skýrslan er unnin af ráðgjafarhóp iðnaðarráðherra sem var skipaður 29. júní 2012 og skilaði vinnu sinni 26. júní 2013. Ráðgjafarhópurinn fékk fagráðgjafa til liðs við sig í vinnunni. Sammerkt með niðurstöðum allra fagráðgjafanna var sú mikla óvissa sem enn ríkir um verkefnið og kemur í veg fyrir að unnt sé að taka afstöðu til þess án frekari skoðunar og rannsókna. Hagfræðistofnun áréttar að „óvissa ríkir um margar forsendurnar og því verður að taka niðurstöðum útreikninganna með varúð“. Environice bendir á að „takmörkuð reynsla [sé] af framkvæmdum af þeirri stærðargráðu sem strengurinn verður (um 1200 km) og því er ógerlegt að áætla umhverfisáhrifin af nákvæmni“. Í niðurstöðum greinargerðar atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins um lögfræðileg málefni segir „Í samantekt þessari hefur verið farið yfir þá löggjöf sem helst getur skipt máli varðandi lagningu sæstrengs. Eðli máls samkvæmt er slík umfjöllun aldrei tæmandi og kallar á mun ítarlegri skoðun á mörgu því sem tæpt er á“.

Ráðgjafarhópurinn samanstóð af 15 fulltrúum frá öllum þingflokkum, hagsmunasamtökum og orku-fyrirtækjum, þ. á m. Landsvirkjun. Einróma niðurstaða hópsins var að leggja til frekari rannsóknir og viðræður við mögulega samningsaðila og voru settar fram tillögur í 7 liðum þar að lútandi.

Landsvirkjun telur að lagning sæstrengs til Bretlands geti verið mjög arðbært verkefni fyrir fyrirtækið, orkuiðnað á Íslandi og fyrir íslenska þjóðarbúið. Landsvirkjun tekur undir með ráðgjafarhópnum um þá miklu óvissu sem enn ríkir um verkefnið og kemur í veg fyrir að hægt sé að staðhæfa með nægri vissu hvort verkefnið sé arðbært. Sérstaklega er óljóst hvernig helstu áhættuþáttum verkefnisins verður skipt á samningsaðila, þ. m. t. framkvæmdaáhættu og rekstraráhættu sæstrengs ásamt fjármögnunaráhættu. Þó skal taka fram að á þeim mánuðum sem liðnir eru frá útgáfu skýrslunnar hafa nokkrir þættir skýrst sem gefa tilefni til aukinnar bjartsýni. Ber þar helst að nefna aukna þátttöku breska ríkisins í orkuverkefnum svipuðum því sem hér um ræðir, bæði hvað varðar áhættu við framkvæmdir og tryggingu á kaupverði á rafmagni til lengri tíma. Ennfremur hafa bresk stjórnvöld lýst yfir áhuga á að skoða verkefnið nánar með íslenskum stjórnvöldum og fyrirtækjum.

Skýrsla ráðgjafarhópsins er árangur af vinnu ólíkra hagsmunaaðila og tekur Landsvirkjun almennt undir meginniðurstöðurnar sem þar koma fram og styður að þær 7 tillögur sem hópurinn leggur fram til ráðherra verði teknar til framkvæmda. Fyrirtækið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að taka þátt í þeirri vinnu sem tillögurnar gera ráð fyrir. Lögð er áhersla á að hér er einungis um frekari rannsóknarvinnu að ræða og ákvörðun um lagningu sæstrengs verður ekki tekin fyrr en að henni lokinni eftir 2-3 ár. Alþingi mun þurfa að koma að þeirri ákvörðun enda krefst sæstrengur milli-ríkjasamnings á milli Íslands og annarra landa.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri